

Mál nr. 259/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns

Meiðsl þegar unnið var við umfelgun bifreiðar 21.12. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M að umfelga dekk á vinnubíl þegar dekkið sprakk og felgan spýttist í hægri hönd M sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Samkvæmt umferðarlögum skal slysátrygging ökumanns tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. umferðarlaga. Félagið telur að slys sem verða við vinnu við kyrrstæðar bifreiðar verði almennt ekki flokkuð sem tjón af völdum ökutækis. M hafi verið að umfelga dekk. Bifreiðin hafi verið kyrrstæð og vélin ekki í gangi. Að auki sé ekki unnt að umfelga dekk nema að taka það undan bifreið. Hjólbarðinn (dekkið) og felgan séu þannig ekki lengur í beinum tengslum við bifreiðina þegar unnið er við umfelgun.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi. Fallist er á röksemdafærslu vátryggingafélagsins. Meiðsl af völdum vinnu við umfelgun fellur utan við bótasvið slysátryggingar ökumanns. Ósannað er að rekja megi tjónsatvik máls þessa til notkunar bifreiðarnnar í merkingu 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.